

111. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 8.september 2020

Fundargerð

Fundurinn fór fram á Teams og hófst hann kl. 14:30

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir, Stefán Bogi Sveinsson og Práinn Lárusson. Sæunn Stefánsdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Gunnar Jónsson og boðuðu forföll, í þeirra stað mættu Jón Björn Hákonarson og Berglind Harpa Svavarsdóttir.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. **Fundargerð 110. fundar stjórnar.** Fundargerðin var lögð fram til staðfestingar og verður undirrituð rafrænt.
2. **Ósk um tilnefningu í stjórn Breiðdalsseturs.** Stjórn tilnefndi í stjórn Breiðdalsseturs þá Hákon Hansson sem aðalmann og Páll Baldursson sem varamann.
3. **Góðar starfsvenjur.** Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn minnisblað um góðar starfsvenjur er varða störf hjá Austurbrú og pólitísk störf starfsfólks. Fram kom að skjalið væri búið að fara fyrir starfsháttarnefnd og færi sem viðauki við síðareglur Austurbrúar. Samþykkt af stjórn.
4. **Umræður um áherslur haustsins í verkefnum Austurbrúar.** Framkvæmdastjóri fór yfir verkefni haustsins. Umsóknarferli Uppbyggingarsjóðs er hafið og er sú vinna mun fyrir á dagskrá en áður. Þá kom fram að skólastarfið færi vel af stað og í markaðsmálum væri verið að leggja lokahönd á nokkur verkefni sumarsins ásamt því að skoða leiðir í vetrarferðamennsku. Verkefni haustsins er eins og áður að vinna í samningum og áætlanagerð fyrir næsta ár.
5. **Önnur mál**
 - Úthlutað aflamark. Framkvæmdastjóri sagði frá því að Fiskistofa hefði nýlega sett í loftið frétt um úthlutað aflamark. Unnið er að taka saman samanburð við úthlutun síðasta árs og verða gögnin kynnt betur á næsta fundi stjórnar.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 15:00

Einar Már Sigurðarson

Þráinn Lárusson

Hildur Þórisdóttir

Jón Björn Hákonarson

Gauti Jóhannesson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Sigríður Bragadóttir